Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/umsögn

Kópavogi, 2. nóvember 2023
23021113/103.02 EKB

Efni: Tillaga að afgreiðslu, styrkur til greiðslu fasteignaskatts

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2007 reglur um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Á grundvelli reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2023.

Leikfélag Kópavogs lagði fram umsókn um styrk vegna greiðslu fasteignaskatts. Lagt er til að hafna þeirri styrkbeiðni með vísan til 2. gr. reglna bæjarstjórnar Kópavogs um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts.

Skv. reglunum geta félög og félagasamtök sem eru fasteignaeigendur í Kópavogi sótt um styrk til greiðslu fasteignaskatts ef í húsnæðinu fer aðeins fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða mannúðarstörf. Skilyrðið er þó að húsnæðið sé ekki notað til annarra nota en að framan greinir, að öðrum kosti veitir Kópavogsbær styrk í réttu hlutfalli við slík not sbr. orðalag í 2. gr. reglnanna. Af þessu leiðir að forsenda fyrir styrkveitingu er að álagður fasteignaskattur sé hærri en leigutekjur félags af fasteigninni.

Skv. ársreikningi Leikfélags Kópavogs voru leigutekjur vegna síðasta árs hærri en því sem nemur álögðum fasteignaskatti á húsnæðið í ár og því ekki grundvöllur fyrir styrkveitingu. Þar sem umsókn félagsins féll ekki að reglum bæjarins um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts var umsókn félagsins synjað með tölvupósti þann 13. október sl. sem hefur nú farið fram á endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Synjun umsóknar fellur að fyrri fordæmum um afgreiðslu styrkbeiðna skv. reglum Kópavogsbæjar og þá leiðir jafnræðisregla stjórnsýslulaga til sömu niðurstöðu um að hafna ber styrkbeiðninni.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Guðm.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur

Eva Kolbrún Birgisd.

Eva Kolbrún Birgisdóttir
Fulltrúi bæjarlögmanns

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026